

Hjón opna bílþvottastöð á Selfossi

Ný bílþvottastöð, Bílaþrif Selfoss, hefur hafið starfsemi í byrjun árs að Háheiði 9, bíl nr. 10 á Selfossi, en að baki rekstrinum standa hjónin Ívar Kvaran Ásmundsson og Eyrún Björg Hilmisdóttir. Fyrirtækið var stofnað um áramótin og byggir á áralangri reynslu og miklum áhuga á bílum og bílaþrifum.

Ívar, sem hefur brennandi áhuga á bílaþrifum og sér alfarið um þrifin innan þjónustunnar hefur unnið við keramikhúðun í 8 ár og þegar tækifærið gafst ákváðu hjónin að stofna sinn eigin rekstur. Eyrún hefur mikinn áhuga á rekstrinum og styður dyggilega við verkefnið. Þá segja þau bæði hafa haft mikinn áhuga á bílum almennt, ekki aðeins bílaþrifum.

„Við bjóðum upp á þrif innan og utan en með meiri nákvæmni. Orðið „detailing“ er notað yfir

þessi þrif en þar er farið ítarlegra í þrifin heldur en hefðbundin bílaþrif. Lögð er áhersla á að ná upprunalegu útliti bílsins og mikla vandvirkni. Við bjóðum einnig upp á sérhæfða þjónustu eins og lakkleiðréttingu, keramikhúðun og djúphreinsun. Keramikhúðun er öflug vörn fyrir bílinn sem verndar lakkið gegn óhreinindum og gefur fallegan gljáa. Hún gerir þrif einnig fljótlegari og auðveldari. Með lakkleiðréttingu getum við gefið lakkinu nýtt líf, fjarlægt yfirborðsrispur og dýpkað gljáann,“ segja Eyrún og Ívar í samtali við Dagskránna.

Eyrún og Ívar segja að með 8 ára reynslu og þekkingu Ívars tryggji þau góða þjónustu og ánægða viðskiptavinum. „Við leggjum áherslu á að nota vandaðar og sérhæfðar vörur sem eru öruggar og skila sem bestum árangri fyrir yfirborð bílsins.“



Ívar og Eyrún hafa opnað nýja bílþvottastöð á Selfossi. Mynd: Dagskráin/SEG

Finnbogi Pétursson hlaut myndlistaverðlaunin 2026

Finnbogi Pétursson hlaut á dögunum Íslensku myndlistarverðlaunin árið 2026 fyrir sýninguna Skjálfta í Listasafni Árnesinga.

Við óskum Finnboga innilega til hamingju með viðurkenninguna, og nafnbótina Myndlistarmaður ársins. Það er safninu mikill heiður að hafa haldið utanum hina einstöku sýningu Skjálfta haustið 2025.

Sýningin var látlaus og umlukti skilningarvit áhorfenda, innsetning í rökkvuðu rými sem var samsett af spegildúk á vegg,



ljósi úr lofti, duftkeri á stöpli og skjálftabylgjum. Hún vakti óvæntar tilfinningar. Speglinn og taktfast alltumvefjandi hljóðið laðaði áhorfandann að sér, kveikti hugleiðingar um kraft náttúrunnar, ódauðleika, hverfulleika og hvað tekur við þegar dauðinn knýr dyra.

Það er mat dómnefndar að Skjálfti kjarni leiðarstef annarra verka Finnboga, sem hafa verið innblástur listamanna, vakið áhuga fræðimanna og sýningargesta.

Listasafn Árnesinga

FSu áfram í undanúrslit Gettu betur

Fimmtudaginn sl. mætti Fjölbautaskóli Suðurlands og Fjölbautaskóli Vesturlands á Akranes í átta liða úrslitum Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna.

Lið FSu mætti í gulum og glæsilegum sérhönnuðum treyjum. FSu sigraði FVA örugglega með lokastigunum 27-14. FSu er þar með búið að tryggja sér sæti í undanúrslitum Gettu betur.

Lið Fjölbautaskóla Suðurlands skipa þau Valgeir Gestur



Eysteinnsson, Hjálmar Vilhelm Rúnarsson og Hrafnhildur Svava Hemmert Sigurðardóttir.

FSu mætir Menntaskólunum í Reykjavík í undanúrslitum í kvöld, fimmtudaginn 26. mars.

SEG

**Næsta blað
Dagskrárinnar**

Næsta tölublað
Dagskrárinnar kemur út
miðvikudaginn 1. apríl.

Skil á efni og
auglýsingum er fyrir hádegi
mánudaginn 30. mars.

Fáðu fagmann í verkið



**PIPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025

NÝR TOYOTA bZ4X



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Félags eldri borgara í Ölfusi verður fimmtudaginn 09.04. kl. 16.00 í sal 9-unnar. Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

Bryndís Tryggvadóttir

Hinsta kveðja

Farðu í friði vinur minn kær,
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær,
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni.
Svo vöknum við með sól að morgni.

Texti: Bubbi Morthenes

Saumaklúbburinn Brosið

AÐALSKOÐUN
Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Ekki giska hvað er að,
komdu frekar í skoðun



VINNUVERNDARNÁMSKEIÐ EHF

- ✓ Öll vinnuvélaréttindi í fjarnámi
- ✓ Þú getur byrjað þegar þú vilt
- ✓ Þú getur lært þar sem þú vilt
- ✓ Bóklegt lokapróf í heimabyggð

Nánari upplýsingar og skráning á
vinnuverndarnamskeid.is



Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípulagna á Selfossi

SÚPERLAGNIR

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI
Símon Pípari sími:664-8892 eða senda verkbeiðni á superlagnir@superlagnir.is

Líf og list á bókasafninu



Kvennasaga, sköpun og samvera í brennidepli

Á liðnum mánuðum hefur Héraðsbókasafn Rangæinga staðið fyrir fjölbreyttum og vel heppnuðum viðburðum þar sem áhersla var lögð á stöðu og baráttu kvenna, skapandi starf og samveru í samfélaginu. Viðburðirnir voru hluti af samstarfsverkefninu Læsi á stöðu og baráttu kvenna í tilefni Kvennaárs 2025. Bókasafnssjóður veitti styrk til verkefnisins.

Nemendur skapa og miðla kvennasögu

Í samstarfi við Hvolsskóla tóku nemendur á öllum aldurstigum þátt í metnaðarfullu verkefni byggðu á bókinni „Ég þori! Ég get! Ég vil!“ eftir Lindu Ólafsdóttur. Yngri nemendur kynntu

sér efnið í gegnum lestur og umræður, en eldri nemendur unnu skapandi verkefni sem endurspegluðu hugmyndir þeirra um réttindi og stöðu kvenna.

Sérstaka athygli vakti vinna nemenda í 7. bekk sem söfnuðu heimildum og bjuggu til klippimyndir um ólík tímabil í kvennabaráttu á Íslandi. Úr varð kvikmyndakassi sem sýndur var á Njálu-degi og hefur hlotið lof fyrir frumleika. Þá fluttu nemendur í 9. bekk lagið „Áfram stelpur“ við góðar undirtektir.

Sýning á ritverkum úr heimabyggð

Í október var opnuð sýning á ritverkum Önnu Vigfúsdóttur og Kristínar Skúladóttur í samstarfi við Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfelllinga.

Þar gaf að líta bréf, dagbækur og teikningar sem varpa ljósi á líf og sköpun kvenna á fyrri tíð.

Sýningin, sem bar heitið „Vönduð eru verkin skráð“, vakti mikla athygli gesta og stóð fram í nóvember. Fyrstu vikurnar var einnig hægt að skoða farandsýninguna „Kvennafri og kvennasögusafn í 50 ár“, sem bætti enn við fræðslugildi sýningarinnar.

Bókmenntaganga í blíðviðri eftir byl

Þann 8. mars, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, var efnt til bókmenntagöngu um Hvolsvöll undir leiðsögn Margrétar Guðjónsdóttur. Þrátt fyrir óvenju óblítt veður fyrr um daginn rættist úr og þátttakendur nutu þess að ganga á milli lykilstaða í bænum og hlýða á texta eftir íslenskar konur.

Á meðal stoppa voru Stórólfskirkja, heilsugæslan, Afrekshugur og bókasafnið sjálft, þar sem lesnir voru textar sem tengdust sögu, menningu og lífi kvenna. Að göngu lokinni var boðið upp á kaffi og spjall á bókasafninu – hlýlegur endir á fróðlegri og skemmtilegri göngu.

Viðburðirnir sýna glögglega hversu mikilvægu hlutverki bókasafnið gegnir sem menningar- og samverustaður í samfélaginu þar sem fræðsla, listsköpun og saga mætast.

Bjarki mætir á Bjarkarból

Frístundaheimilið Bjarkarból sem er nýjasta frístundaheimilið í Árborg og stendur við Stekkjaskóla stóð fyrir bangsa-hátíð sl. föstudag. Á frístundaheimilinu Bjarkarbóli eru 124 þátttakendur sem sækja störf þangað daglega á aldrinum 6-9 ára.

Þennan föstudag byrjaði bangsinn Bjarki á frístundaheimilinu.

Eitt af hlutverkum Bjarka verður að taka þátt í aðlögun barna á stórum tímamótum í lífi þeirra þegar þau fara úr leikskóla í grunnskóla. Hann mun taka virkan þátt í starfi frí-

stundaheimilisins, veita börnunum stuðning í að mynda tengsl og eignast vini, vinna saman sem hópur, vera jákvæðar fyrirmyndir og gefur börnunum knús ef þau þurfa á að halda. Bjarki mun taka þátt í barnaráði ásamt börnum frístundaheimilisins. Dregið er í barnaráð hálfsmánaðarlega sem fundar í upphafi vikunnar, komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvað eigi að borða í síðdegishressingu og hvaða þema verður hjá okkur á föstudegi þeirrar viku. Öll börn í Bjarkarbóli fá að sitja einu sinni hvern vetur í barnaráði.

Gildi frístundaheimilisins

eru gleði, vinátta, samvinna og frelsi og mun Bjarki klárlega gera starfið innihaldsríkara þar sem hann er alltaf glaður, góður vinur og mikill talsmaður þess að börn hafi frelsi til að deila hugmyndum sínum.

Jafnframt hefur verið gefin út bók um líf Bjarka sem börnin geta skoðað til að fá innsýn inn í líf hans.

Bjarki verður sýnilegur í öllu starfi Bjarkarbóls og okkar trú er að hann eigi eftir að gera starf innihaldsríkara og stuðla að betri innleiðingu barna í framtíðinni.



Bryndís Gunnlaugsdóttir er bæjarstjóraefni fyrir Ölfus

Þegar leitað er að bæjarstjóra fyrir sveitarfélag eins og Ölfus skiptir máli að horfa til manneskju sem hefur bæði faglega burði og næmni fyrir samfélaginu. Okkur á lista Samfylkingarinnar og félaga í Ölfusi finnst Bryndís Gunnlaugsdóttir standa upp úr sem afar sterkt bæjarstjóraefni og höfum gert samkomulag við hana um að stýra sveitarfélaginu okkar ef árangur framboðsins í komandi kosningum gefur kost á því.

Hverju leitum við að í fari bæjarstjóra?
Bæjarstjóri er ekki bara framkvæmdastjóri. Hann er líka brúarsmiður. Sá sem tryggir að ákvarðanir séu teknar af yfirvegum, að ferlar séu faglegir og að fólk upplifi virðingu, jafnvel þegar skoðanir eru ólíkar.
Við teljum að árangur sveitarfélagsins ráðist af þremur atriðum sem verða að fara saman:

- fagmennsku og vandaðri stjórnsýslu
- skýrum samskiptum og trausti



- og mannlegri nálgun þar sem náungakærleikur og samheldni samfélags er ávallt leiðarljós

Á bak við góða stjórnsýslu er yfirleitt blanda af menntun, reynslu og karakter.
Þarna kemur Bryndís sterk inn. Hún kemur með heildstæða

reynslu sem nýtist sveitarfélaginu á marga vegu.

Bryndís Gunnlaugsdóttir í stuttu máli
Bryndís Gunnlaugsdóttir er Grindvíkingur að upplagi. Hún er 45 ára lögfræðingur og býr í dag í Hveragerði ásamt manni sínum og dóttur. Hún er mikil körfuboltaáhugakona, hefur spilað með fjölda liða og einnig komið að þjálfun og rekstri íþróttafélaga. Fyrir starf sitt í körfuboltahreyfingunni hefur hún hlotið silfurmerki KKÍ og ÍSí.
Hún er með lögfræðimenntun og kennir sveitarstjórnarrétt og stjórnsýslu í tveimur háskólum. Hún hefur starfað hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og KPMG. Og hún hefur líka setið við borðið þar sem ákvarðanir eru teknar, sem kjörinn fulltrúi og forseti bæjarstjórnar.
Bryndís sat í bæjarstjórn í Grindavík í fimm ár og þar af var hún forseti bæjarstjórnar í fjögur ár. Ef Bryndís verður ráðin bæjarstjóri Ölfuss mun

hún ásamt fjölskyldunni flytja í Þorlákshöfn og verða virkur þátttakandi í samfélaginu.
Það skiptir máli. Ekki bara vegna þess hvar fólk býr, heldur vegna þess að sterk tengsl við samfélagið auka skilning, ábyrgð og nærveru í starfi.

Bæjarstjóri sem vinnur af fagmennsku og byggir upp samheldni
Ölfus þarf bæjarstjóra sem tengir saman fagmennsku, góða stjórnsýslu og traust samstarf. Við erum sannfærð um að Bryndís Gunnlaugsdóttir býr yfir öllum þessum eiginleikum. Hún kemur með reynslu sem

er bæði djúp og fjölbreytt. Hún kemur með hæfni til að hlusta, tengja fólk saman og vinna af festu. Og hún kemur með vilja til að vera hluti af samfélaginu: ekki bara í starfi, heldur í daglegu lífi.
Við trúum því að með Bryndísi fái Ölfus bæjarstjóra sem vinnur af fagmennsku, byggir upp samheldni og leiðir með náungakærleik að leiðarljósi.

Gunnsteinn R. Ómarsson, oddviti Samfylkingarinnar og félaga í Ölfusi
Berglind Friðriksdóttir, 2. sæti
Pálmi Þór Ásbergsson, 3. sæti
Bryndís Sigurðardóttir, 4. sæti

Foreldrapása í Sunnulækjaskóla

Foreldrafélag Sunnulækjaskóla stendur nú fyrir nýjum viðburði þar sem foreldrum og forráðamönnum barna í Sunnulækjaskóla er boðið að hittast án barna, kynnast betur og efla tengsl sín á milli. Dagný Hróbjartsdóttir og Guðmunda Ólafsdóttir sitja báðar í stjórn foreldrafélagsins og eru meðal þeirra sem standa að viðburðinum.
Viðburðurinn verður haldinn næsta fimmtudag og að sögn Dagnýjar, sem er gjaldkeri félagsins og Guðmundu, sem er ritari félagsins, er tilgangur viðburðarins að fá foreldra til að hittast utan skóla án barnanna og tengjast, kynnast, styrkja böndin og hafa gaman saman.
Hugmyndin að viðburðinum segja Dagný og Guðmunda vera að fyrirmynd skandinavískra foreldrafélaga. „Öðru hvoru hafa komið til okkar foreldrar barna í skólanum sem hafa búið í Skandinavíu og þekkja það að vera foreldrar barna í skólum þar. Þau hafa talað um það að sums staðar tíðkist það að foreldrar hittist barnlaus að kvöldi til þess að kynnast og efla tengslin. Við höfum alltaf verið spennt fyrir þessari hugmynd en þó hikandi þar sem ekki er menning fyrir þessu hér á landi. Núna eftir áramót ákváðum við þó að taka af skarið og prófa að halda slíkan viðburð,“ segja þær.



E.v. Dagný Hróbjartsdóttir og Guðmunda Ólafsdóttir. Mynd: Aðsend.

foreldrahópar sem þekkja vel innbyrðis ná að leysa betur úr ágreiningsmálum sem geta komið upp, eiga auðveldara með að setja viðmið og reglur fyrir allan hópinn og búa til aldursviðeigandi „norm“ sem felst geta fylgt og eru sammála um,“ segja Dagný og Guðmunda.
Þær segja jafnframt að virkt foreldrasamstarf hafi jákvæð áhrif á nám og líðan barna. Þegar foreldrar eru samstíga í gildum, mörkum og daglegum venjum eins og svefni, næringu og skjáttíma aukist líkur á vellíðan barna og þar með námsárangri. „Það þarf að byggja góðan grunn svo að barni hafi sem besta möguleika á að líða vel og farnast vel í námi og samstaða í foreldrahópum gegnir þar veigamiklu hlutverki.“

Góð viðbrögð foreldra
Viðburðurinn hefur vakið mikla athygli og segja þær foreldra í Sunnulækjaskóla hafa sýnt afar jákvæð viðbrögð. Áhuginn sé

mikill og margir hafi lýst ánægju með framtakið, þó að eftir eigi að koma í ljós hversu margir mæta á sjálfan viðburðinn. Ef vel tekst til er stefnt að því að gera viðburðinn að árlegum hlut og jafnvel þróa hann enn frekar.
Dagný og Guðmunda telja jafnframt að verkefnið gæti orðið foreldrafélögum í öðrum skólum fyrirmynd. „Það er óþarfi fyrir hvert félag að finna upp hjólið og við hvetjum þá sem sitja í stjórn foreldrafélaga til að skoða hvað er í gangi hjá nærliggjandi félögum, hvort sem um er að ræða viðburði fyrir foreldra eða nemendur.“
Að lokum hvetja Dagný og Guðmunda alla foreldra barna í Sunnulækjarskóla til að mæta á Byrja á fimmtudaginn kl. 20 og taka þátt. Boðið verður upp á létt dagskrá, meðal annars Kahoot/pubquiz, en megináherslan er á að skapa notalegt andrúmsloft og hvetja fólk til að kynnast nýju fólki.

Sumarstarf - Fangavörður Litla-Hrauni og Sogni

Fangelsismálastofnun leitar eftir áhugasömu starfsfólki til starfa við fangavörslu sumarið 2026.

- Fangelsið Litla-Hrauni er lokað fangelsi fyrir karlkyns afplánunarfanga og er staðsett á Eyrarbakka.
- Fangelsið Sogni eru skilgreint sem opið fangelsi. Það er staðsett í Ölfusi og rekið í nánú samstarfi við Litla-Hraun.

Helstu verkefni og ábyrgð
Starf fangavarðar felst m.a. í leiðsögn og aðstoð við skjólstæðinga, eftirliti, verkstjórn og þátttöku í allri daglegri starfsemi fangelsa.

Hæfniskröfur

- Gott viðmót, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Geta til að bregðast skjótt við breytilegum aðstæðum.
- Samviskusemi, stundvísi og vandvirkni
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvufærni
- Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Frekari upplýsingar um starfið
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Sameyki hafa gert.

Athygli skal vakin á því að áður en að ráðningu kemur skal umsækjandi, að fengnu samþykki hans, undirgangast bakgrunnsskoðun skv. 10.gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga.

Sótt er um starfið inn á [alfred.is](#). Það að starfa í fangelsi er góð reynsla og getur verið sérstaklega gefandi viðbót við nám þess sem stefnir t.d. á að starfa sem sálfræðingur, iðjupjálfi, lögfræðingur, félagsráðgjafi eða hjúkrunarfræðingur.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 07.04.2026

Nánari upplýsingar veitir

Fyrir Litla Hraun: Ómar Vignir Helgason	520-5913
Fyrir Sogn: Hróbjartur Örn Eyjólfsson	520-5972

Ivan Paponja
spilar með Sel-
fossi í sumar

Knattspyrnu-
deild Sel-
foss hefur
samið við Ivan
Paponja um að
leika með liðinu
á komandi tímabili.



Ivan er 28 ára Króati sem
kom hingað til lands árið
2023 en frá þeim tíma hefur
hann leikið með Sindra og
á tímabili undir stjórn Óla
Stefáns Flóventssonar, nú-
verandi þjálfara Selfoss.
Ivan er afar fjölhæfur leik-
maður sem getur svo gott
sem leyst flestar stöður á
vellinum en þó má teljast
ólíklegt að við sjáum hann á
milli stanganna í sumar.



Heiðrún leiðir lista
Viðreisnar í Árborg

Heiðrún Kristmundsdóttir
verkefnastjóri leiðir nýjan
lista Viðreisnar í Árborg. List-
inn var staðfestur á félagsfundi
Viðreisnar í Árnassýslu nú fyrir
stundu. Þetta er í fyrsta sinn
sem hægt verður að kjósa lista
Viðreisnar í sveitarstjórnar-
kosningum í Árborg. Í öðru sæti
er Guðný Björk Pálmadóttir,
hönnuður og nýsköpunarverk-
fræðingur. Það þriðja skipar
Þorsteinn Haukur Harðarson
ráðgjafi. Í fjórða sæti er Birgir
Marteinsson lögfræðingur og
fimmta sætið skipar Ingunn

Guðmundsdóttir viðskiptafræð-
ingur.
“Þetta er öflugur listi sem ég
hlakka mikið til að vinna með í
komandi baráttu,” segir Heiðrún
Kristmundsdóttir, nýr oddviti
Viðreisnar í Árborg. “Við ætl-
um að setja öfluga þjónustu við
barnafjölskyldur á oddinn og
leiðir til að takast á við vaxtar-
verki stækkandi sveitarfélags
hér í Árborg. Við þurfum að
halda áfram að taka til í rekstri
bæjarfélagsins svo við getum
fargangsraðað í þágu grunn-
þjónustu.”

Listi Viðreisnar í Árborg er svo skipaður:

1. Heiðrún Kristmundsdóttir, verkefnastjóri
2. Guðný Björk Pálmadóttir, hönnuður og nýsköpunarverkfræðingur
3. Þorsteinn Haukur Harðarson, ráðgjafi
4. Birgir Marteinnsson, lögfræðingur
5. Ingunn Guðmundsdóttir, viðskiptafræðingur
6. Trausti Jóhannsson, teymisstjóri
7. Sandra Guðmundsdóttir, forstöðukona
8. Daníel Leó Ólason, raforkuverkfræðingur
9. Ellen Amilía Óladóttir, ráðgjafi
10. Valdimar Gylfason, rafvirkir
11. Alísa Rut Andradóttir, nemi
12. Óli Kristján Ármannsson, blaðamaður og almannatengill
13. Lovísa Lillý Davíðsdóttir, framhaldsskólaniemi
14. Sigurður Sólmundsson, verktaki
15. Laufey Ósk Magnúsdóttir, ljósmyndari
16. Sindri Ólafsson, rafvirkir
17. Björg Þorkelsdóttir, húsmóðir
18. Þorvaldur Óskar Gunnarsson, viðskiptafræðingur
19. Selma Klara Gunnarsdóttir, nemi
20. Gísli Halldór Halldórsson, sviðsstjóri
21. Sigurbjörg Björgvinsdóttir, hjúkrunarfræðingur á eftirlaunum
22. Eyjólfur Sturlaugsson, framkvæmdastjóri

Elliði Vignisson
bæjarstjóraefni
D-listans

D-
listinn
hefur tilkynnt
að Elliði Vign-
isson verði
bæjarstjóra-
efni flokksins
fyrir komandi sveitarstjórn-
arkosningar.



Elliði, sem er lærður
klínískur sálfræðingur, hefur
gegn embætti bæjarstjóra í
Ólfusi frá árinu 2018. Hann
hefur jafnframt yfir 25 ára
reynslu af sveitarstjórnar-
málum og starfaði áður sem
bæjarstjóri Vestmannaeyja í
12 ár.

Í tilkynningu frá D-list-
anum kemur fram að á
starfstíma Elliða hafi verið
lögð áhersla á ábyrga fjár-
málastjórn, fjölgun íbúa,
uppbyggingu innviða og
aukna þjónustu við íbúa
sveitarfélagsins. Þar segir
jafnframt að reynsla hans,
þekking á rekstri sveitar-
félagsins og skýr sýn á
áframhaldandi uppbyggingu
geri hann að sterkum kosti
til að leiða sveitarfélagið á
næsta kjörtímabili.

Flokkurinn hyggst kynna
nánar áherslur sínar á næstu
vikum undir kjörorðunum
„Áfram af ábyrgð“.



Sunnlenski
matgæðingurinn



Gervigreindarmynd

Fiskréttur með fetosti,
rauðu pestói og döðlum

Matgæðingur vikunnar er
Sigurður Hrafn Arason.

Takk kærlega, Julita Irena fyrir
að tilnefna mig sem matgæð-
ing vikunnar. Eg er nú ekki sá
besti í eldhúsinu en tel mig best
geymdan á grillinu, en þar sem
ég nenni ekki að moka grillið
mitt út þá er ég hér með ágætis
uppskrift að fiskrétt sem karlf-
aðir minn kenndi mér.

Fiskurinn er settur í eldfast
mót og hluti af olíunni af feta-
ostinum er hellt yfir fiskinn og
hann svo kryddaður með salti
og pipar. Blandið svo saman
pestóinu, fetaostinum, döðlum
og hvítlauk saman og setjið
yfir þorskin. Bakið þetta svo í
ofni við 180° í ca 20 mín.

Gott er að hafa með þessu
hrísgrjón að eigin vali og gott
salat.

Titill

800 g þorskhnakki
1 krukka fetaostur
1 krukka rautt pestó
Nokkrar saxaðar döðlur
2 pressuð hvítlauksrif
Salt og pipar

Góð köld sósa sem gott er að
hafa með.

1 dós sýrður rjómi
Ca. 1 msk. dijon sinnep
Smá hvítlaukskrydd og dill

Ég ætla að tilefna hann Atla Snæ en hann er timbursölumaður,
landvörður og mikill veiðimaður og býst ég við að hann leyni á
eins og einni uppskrift.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is
uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



F.v.: Heiðrún Anna Hlynisdóttir stjórnarmaður Golfklúbbs Selfoss, Grímur
Arnarsson formaður Golfklúbbs Selfoss og Nína G. Pálsdóttir, útibússtjóri og
Arnrún Sigurmundsdóttir þjónustustjóri. Mynd: Aðsend.

Landsbankinn styður
áfram við Golfklúbb Selfoss

Skrifað hefur verið undir
samning um áframhaldandi
samstarf Landsbankans á Sel-
fossi og Golfklúbbs Selfoss og
verður Landsbankinn því áfram
einn af aðalsamstarfsaðilum
Golfklúbbsins. Með samstarfinu
vill bankinn sýna í verki áhuga
sinn og stuðning við forvarna-,
æskulýðs- og íþróttamál.

Landsbankinn hefur um
árabil verið einn af öflugustu
styrktaraðilum Golfklúbbs Sel-
foss og tekið virkan þátt í móta-
haldi sem og stutt vel við upp-
byggingu á barna- og unglinga-
starfi í klúbbum. Það er því
virkilega ánægjulegt að sam-
starfið haldi áfram.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17,
800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir,
sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag
4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir
hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur
austan Hellisheiðar. Dagskráin
er aðili að samtökum bæjar-
og héraðsfréttablaða.

Prentun:
Prentmet Oddi
ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Mjög svo gott og meinholtt er,
á milli lands og eyjar smýgur.
Er á milli húsa hér,
harla lítill götustígur.

Svar við gátu í blaði 2844: FELLA

1. Fella andstæðinginn - 2. Fella er gildra
3. Fella eitthvað saman - 4. Fella e-n á prófi



Rodrigo Depetris íþróttamaður Hamars á fjölmönnum aðalfundi



Aðalfundur Hamars var haldinn miðvikudaginn 11. mars sl. á Hótel Örk. Það var ánægjulegt að sjá hversu margir félagsmenn mættu til leiks, en góð mæting sýnir þann mikla kraft og áhuga sem býr í félaginu okkar. Þorsteinn T. Ragnarsson, formaður Hamars, setti fundinn og var Guðríður Aadnegard kjörin fundarstjóri. Á fundinum fóru

fram hefðbundin aðalfundarstörf þar sem Jónas Guðnason, gjaldkeri, fór m.a. yfir fjármál félagsins.

Íþróttafólk Hamars
Einn hápunktur fundarins var verðlaunaafhending þar sem framúrskarandi íþróttafólk var heiðrað fyrir árangur sinn á liðnu ári.

Íþróttamaður Hamars 2025: *Rodrigo Leonel Depetris*
Knattspyrnumaður Hamars: *Rodrigo Leonel Depetris*
Blakmaður Hamars: *Aron Bjarnason*
Körfuboltamaður Hamars: *Arnar Dagur Daðason*
Lyftingarkona Hamars: *Anna Guðrún Halldórsdóttir*
Badmintonkona Hamars: *Rebekka Einarsdóttir*

Heiðursmerki og sjálfbóðaliðar
Mikilvægi sjálfbóðaliðastarfsins var einnig í brennidepli. Pétur Frantzón var sæmdur Gullmerki Hamars fyrir ómetanlegt framlag sitt til félagsins í gegnum tíðina. Þá fengu þau Sara Hammer og Guðmundur Benóný Baldvinsson sérstaka viðurkenningu sem sjálfbóðaliðar Hamars fyrir sín dýrmætu störf.

Forvarnir í fyrirrúmi

Ég hef alltaf álitíð Selfoss vera minn uppáhaldsbæ. Þrátt fyrir búsetu erlendis þar sem ég sótti nám í sjúkráþjálfun leitaði hugurinn alltaf heim og kom ekkert annað til greina en að búa á Selfossi. Í FSu hitti ég manninn minn, hér bjuggum við okkur til heimili og hér ætlum við að ala upp drengina okkar tvo.

Hreyfing hefur alltaf skipt okkur hjónin miklu máli og við vildum búa á Selfossi meðal annars þar sem hér er öflugt íþrótt-, og tómstundastarf og sáum við fram á að hér væri gott að ala börn og eldast. Í starfi mínu hef ég ítrekað séð þau góðu áhrif sem reglubundin hreyfing hefur á lífsgæði fólks og því tel ég mikilvægt er að styðja áfram vel við það fjölbreytta og góða starf sem er hér á Selfossi þar sem í því felst mikilvæg forvörn. Bæði þarf að halda áfram að huga vel að börnum og ungmennum en einnig þarf að styðja vel við forvarnir fyrir eldri borgara. Í því felst meðal annars að gera aðgengi að hreyfingu auðveldara fyrir



Kristín Júlía Hannesdóttir

6. sæti á lista Framsóknar í Árborg

KOSNINGAR 2026

þennan hóp og er fyrirtaksstarf sem dæmi í Kappahl-höllinni en einnig í Grænumörk. Forvarnir fyrir þennan hóp snýr bæði að almennu líkamlegu og andlegu heilbrigði en einnig að því að minnka félagslega einangrun, sem er vaxandi vandamál í samfélaginu almennt.

Alltaf er hægt að gera gott, betra og hægt væri að styðja lýðheilsu þessa fólks ennfrekar með t.d., fleiri gönguleiðum utandyra, gera fleiri græn svæði og nýta þau sem dæmi fyrir æfingatæki eða íþróttir eins og mini-golf eða boccia svo dæmi séu tekin. Ef vel er staðið að uppbyggingu grænu svæðanna gæti það jafnvel orðið að fjölskyldusamverustöðum þar sem allir aldurshópar geta tekið þátt og notið.

Úr Árborg - fyrir Árborg

Selfoss er það sem ég kalla Sheima. Hér lærði ég að hjóla, á milli bragganna bak við Höfn, spilaði fyrsta fótboltaleikinn minn á gamla golfvellið, byrjaði í fyrsta bekk eftir hádegi í Sandvíkurskóla, horfði á fótbolta á Pizza 67, keypti geisladiska í Kjarnanum og nammi í Dadda búð. Ég er heppinn að fá að ala upp börnin mín á sama stað og ég ólst upp sjálfur og þess vegna skiptir mig máli hvernig samfélagið okkar þróast á næstu árum.

Ég hef starfað undanfarin ár í gagnadrifinni hugbúnaðargerð og verkefnastýringu þar sem mikilvægt er að ná fólki saman, greina stöður og finna raunhæfar lausnir. Sú reynsla hefur kennt mér mikilvægi þess að hlusta á ólík sjónarmið, byggja upp traust og vinna að sameiginlegum markmiðum.

Það hefur lengi blundað í mér að taka þátt í pólitík og



Árni Magnússon

5. sæti á lista Samfylkingar og óháðra í Árborg

KOSNINGAR 2026

leggja mitt lóð á vogarskálarnar fyrir samfélagið sem stendur mér svo nærri. Ég er stoltur af velferðarsamfélaginu sem við höfum byggt upp saman hérna í Árborg, þar sem börn hafa jöfn tækifæri til menntunar, íþróttar og tómstunda.

Ég vil leggja mitt af mörkum til byggja hér enn sterkara velferðarsamfélag þar sem jöfnuður, samvinna og framsýn hugsun leiða okkur áfram. Samfélag þar sem við nýtum nýjar hugmyndir og stafrænar lausnir til að bæta þjónustu, lækka álögur á íbúa og tryggja að bæjarfélagið okkar verði áfram góður búsetukostur.

Útboð á tæmingu rotþróa

Sveitarfélögin Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra óska eftir tilboðum í verkið:

Tæming rotþróa í Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra 2026 - 2029

Verkið felst í því að tæma rotþrær í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra. Um er að ræða þriggja ára samning frá 1.maí 2026 til 30.apríl 2029 Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Útboðsgögn fást afhent rafrænt með að senda Berki Reykjálín hjá EFLU póst á tölvupóstfangið bbr@efla.is Tilboðum skal skilað á skrifstofu EFLU Selfossi eða í tölvupósti eigi síður en 16. apríl kl. 11.00. Tilboð verða opnuð í kjölfarið og niðurstöður tilkynntar bjóðendum.



HERRAKVÖLD KRABBAMEINSFÉLAGS ÁRNESSÝSLU

27. MARS Í TRYGGVASKÁLA

Föstudaginn 27. mars 2026 verður haldið herrakvöld í Tryggvaskála Selfossi, þar sem matur, happdrætti, glens og gleði og verður í hávegum haft.

Húsið opnar kl. 19.

- Veislustjóri kvölsins verður **Gabriel Werner Guðmundsson**.
- **Grétars Lárus** tónlistarmaður mætir með gítarinn og heldur uppi fjörinu.
- **Happdrættismiði** á 2.500 krónur þar sem glæsilegir vinningar eru í boði.

Allur ágóði kvöldsins rennur óskiptur til starfsemi Krabbameinsfélags Árnessýslu.

Hlökkum til að eiga skemmtilegt kvöld með ykkur herraönnum.

TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ!

Verð fyrir mat og skemmtun, 9.500 kr. Lambakótilettur í raspi og meðlæti.

Forsala hefst mánudaginn 23. mars á netfanginu arnessysla@krabb.is og/eða í síma 788 0300.



„Lögin hans Valgeirs“ á Skírdag í Eyrarbakkakirkju

Tónleikar með lögum Valgeirs Guðjónssonar úr öllum áttum verða haldnir á skírdag þann 2.apríl í Eyrarbakkakirkju og hefjast þeir klukkan 16.



Þetta verður sannkölluð huggustund í anda páskanna þar sem hlýja og gleði umvefja gesti.

Þau Krístrún Steingrímsdóttir frá Kálfholti og eiginmaður hennar Joel Christopher Durksen sem er frá Kanada ætla að flytja valin sýnishorn úr smíðju meistara Valgeirs. Hann sjálfur tekur sér hlé frá „störfum“ að þessu sinni, en veit að lög hans verða flutt af næmni og gleði. Krístrún og Joel hafa leikið með Valgeiri lög hans jafnt á íslensku sem á ensku í um tvö ár og tengst þeim í hugum og hjörtum. Þau eru einstakt tónlistarfólk og

flytjendur sem hrifið hafa mann og annan í flutningi sínum.

Gestir mega búast við að þau komi víða við svo það er bara hægt að hlakka til. Eiginkona Valgeirs Ásta Krístrún mun taka á móti gestum og fara nokkrum orðum um tilurð sumra laganna sem hún þekkir út og inn eftir 50 ára búskap þeirra Bakkastofu hjóna.

Rauða húsið sem er við Gamla torgið eins og kirkjan, hefur sett saman léttan matseðil fyrir gesti sem vilja fá sér hressingu fyrir eða eftir tónleikana.

Kirkjan opnar kl 15:30 og miðsala fer fram á tix.is.



Starf vélstjóra á hafnsögubát Þorlákshafnar



Þorlákshafnarhöfn auglýsir laust til umsóknar 100% starf vélstjóra. Starfið er unnið í vaktavinnu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vélstjórn á hafnsögubátum og umsjón með viðhaldi vélbúnaðar
- Að þjónusta skip og báta sem til Þorlákshafnar koma, viðlegustjórn
- Tenging og aftenging vatns og rafmagns til skipa og skráning aflesturs á notkun í afgreiðslubækur
- Annast viðhald á eignum og mannvirkjum hafnarinnar
- Eftirlit og umsjón með búnaði, tækjum og aðstöðu hafnarinnar og eftir atvikum öðrum stofnunum sveitarfélagsins.
- Ber ábyrgð á að afli sé rétt vigtaður og rétt skráður í aflaskráningarkerfið GAFL
- Umsjón með hafnarsvæði Þorlákshafnar, skipulagi, umgengni, hreinsun og tiltekt
- Öryggisgæsla á hafnarsvæðum og vinna að uppfærslu á öryggismálum hafnarinnar
- Umsjón með hafnarvernd
- Annast að auki ýmis verkefni sem hafnarstjóri felur honum og aðstoðar við festarþjónustu eftir því sem því verður við komið hverju sinni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð samskiptafærni og jákvætt viðmót
- Vélstjórnarréttindi 1500 kw. að lágmarki
- Réttindi PFSO frá Siglingastofnun Íslands er kostur
- Slysavarnaskóli sjómanna
- Bílpróf og stærri vinnuvélaréttindi eru kostur
- Skipulagsfærni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg, önnur tungumál kostur
- Dugnaður, vinnusemi og sveigjanleiki

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf frá og með 1. júní nk. eða eftir nánara samkomulagi. Umsóknarfrestur er til og með 31. mars nk.

Launakjör eru samkvæmt samningum launanevndar sveitarfélaga við VM. Nánari upplýsingar um starfið veitir Benjamín Þorvaldsson, hafnarstjóri í síma 480-3602 eða í gegnum tölvupóst á benjamin@olfus.is Umsóknir skulu sendar rafrænt á www.olfus.is Með umsókn skal fylgja ferilskrá og afrit af viðeigandi réttindum. Við hvetjum öll kyn til að sækja um starfið.

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

- Syðra-Langholt; Breyttir skilmálar efnistökusvæðis E31; Aðalskipulagsbreyting - 2505033**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. mars 2026 að kynna breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Í breytingunni felst stækkun á grjótnámu á Syðra-Langholti (efnistökusvæði E31) úr 0,9 ha í 1,3 ha þar sem leyfileg efnistaka verður 138.000 m³ í stað 45.000 m³.
- Írafossvirkjun; Selfosslína 1 - endurnýjun og lagning jarðstrengs; Tenging við Írafossvirkjun; Aðalskipulagsbreyting - 2601055**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2026 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst að Selfosslína 1 sem liggur frá Ljósafossstöð að Selfossi verður endurnýjuð að hluta. Fyrirhugaðar framkvæmdir fela í sér að Selfosslína 1 verður endurnýjuð að hluta að Írafoss- og Ljósafossstöðvum. Breytingarnar fela í sér lagningu jarðstrengs á um allt að 3 km leið frá Ljósafossstöð að mastri 8 í núverandi loftlínu. Á kafla verður núverandi loftlínuhluti línunnar tekinn niður.
- Silfurtún L166897; Íbúðarbyggð og breytt skilgreining lands; Aðalskipulagsbreyting - 2603007**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. mars 2026 að kynna skipulagslýsingu um íbúðarbyggð við Silfurtún. Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Í breytingunni felst að hluti lands Silfurtúns, L166897, á Flúðum, sem nú er skilgreindur sem landbúnaðarsvæði, verði breytt í íbúðarbyggð. Samhliða verður unnin breyting á deiliskipulagi miðsvæðis og garðyrkju-lóða á Flúðum vegna uppbyggingar nýs íbúðarhverfis.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

- Syðri-Brú L168277; Úr frístundabyggð í athafnasvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2503029**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. janúar 2026 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Svæðið sem breytingin nær til er Syðri-Brú L168277 en í breytingunni felst skilgreining á athafnasvæði og vatnsbóli fyrir uppsetningu átöppunarverksmiðu fyrir neysluvatn. Einnig er frístundabyggð breytt í landbúnaðarsvæði í kringum athafnasvæðið.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi máls:

- Súluholtshjáleiga L166391; Efnistaka og losunarsvæði E24; Aðalskipulagsbreyting - 260214**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2026 að kynna niðurstöðu sveitarstjórnar vegna breytingar á aðalskipulagi. Breytingin tekur til jarðarinnar Súluholtshjáleigu, E24, þar sem lagt er til að skilgreint verði nýtt efnistöku- og efnislosunarsvæði. Heimilt verði að vinna allt að 48. þús m³ af efni á 1,7 ha svæði. Einnig er heimilt að losa jarðveg í námuna og ganga jafn óðum frá þeim hluta þar sem efnistöku er lokið. Á svæðinu hefur verið tekið efni um árabíl til staðbundinna nota og er með aðalskipulagsbreytingunni verið að leiðrétta landnotkun.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1. - 3. innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 26. mars 2026 með athugasemdarfresti til og með 17. apríl 2026. Mál 4. innan auglýsingar er skipulagsmál í auglýsingu frá 26. mars 2026 með athugasemdarfresti til og með 8. maí 2026. Mál 5. innan auglýsingar er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU@skipulag@utu.is.

Nanna Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita



**ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR**

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.



LAGNIR



FRÖST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FRÖST.IS



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

*Þar sem
fagmennirnir vinna*

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

*Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði*

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



**Fæst hjá
BYKO Selfossi**

Ökukennsla

Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.

Hafðu samband í **897 4693**
Bókaðu á **UTIADAKA.IS**
„Með þér alla leið“

**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is

**FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL**

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR
Fagmennska - Gæði - Áreiðanleiki



**VALDI
MÁLARI**

Framúrskarandi málningar-
þjónusta, vönduð vinnu-
brögð, góð samskipti og
sanngjarnt verð.

Valdi málari

Sími 823 4522

**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



S: 692-2575
800 SMÍÐI

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími




GB Hús
NÝSMÍÐI · VIÐHALD · PALLASMÍÐI

**ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA**

Löggiltir húsasmíðameistarar

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUS@GBHUS.IS

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



**Stíflubjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR 20 ÁRA
REYNSLA

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**



**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**

VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!

STÍFLULOSANIR
LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKOÐANIR
SÓNUM ÚT LAGNIR
LAGNAFÓÐRUN
ROTÞRÆR
FITUGILDRUR
SANDGILDRUR
SKÓLPHEINSISTÖÐVAR
HOLRÆSAHREINSUN

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM

510 1180 - 669 8441



NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is